

# Aukin hæfni í vinnubrögðum

## gátlisti stjórnenda

### Matsþættir:

Aukin hæfni í vinnubrögðum er metin út frá þeim þáttum sem taldir eru upp hér að neðan. Uppfylli starfsmaður matsþáttinn fær hann fimm stig fyrir hann og samanlögð stig hans mynda grunn að þeirri álagsprósentu sem hann fær vegna aukinnar hæfni í vinnubrögðum. Matið byggir á sjálfsmati starfsmanns og frammistöðusamtali starfsmanns og næsta yfirmanns og umsögn hans í umsókn starfsmanns um launabreytingu á grundvelli stofnanasamnings.

Fái starfsmaður stig á bilinu 20 – 25 fær hann 2,5% álag samkvæmt láréttum ási launatöflu.

Fái starfsmaður stig á bilinu 45 – 50 fær hann 5,0% álag samkvæmt láréttum ási launatöflu.

Fái starfsmaður stig á bilinu 65 – 75 fær hann 7,5% álag samkvæmt láréttum ási launatöflu, sem er hámarksálag samkvæmt stofnanasamningi fyrir aukna hæfni í vinnubrögðum.

### Sjálfstæði:

#### (1) Sýnir sjálfstæði í ákvarðanatöku, almennt og undir álagi.

Starfsmaður getur tekið yfirvegaðar og ígrundaðar ákvarðanir sem byggja á fjölþættri og yfirgripsmikilli reynslu og fagkunnáttu.

#### (2) Heildaryfirsýn

Starfsmaður þekkir jafnt grunnþætti sem og sértæka þætti í starfsemi deildarinnar (rekstrareiningarinnar) og skynjar samhengi þeirra bæði faglega og rekstrarlega. Hann þekkir markmið deildarinnar og samhengi þeirra við stefnu sjúkrahússins.

#### (3) Öryggi

Starfsmaður vinnur öll verk af öryggi og nákvæmni. Hægt er að reiða sig á starfsmann í öllum aðstæðum og hann er einbeittur í verkum sínum.

#### (4) Sjálfstraust

Starfsmaður þekkir sterkar og veikar hliðar sínar og notar þær sterku til að vinna markvisst með veiku hliðarnar. Hann byggir upp sjálfsþekkingu með gagnrýnni hugsun og reglulegu mati á stöðu sinni.

#### (5) Fyrirmynd

Starfsmaður er fyrirmynd annars starfsfólks og starfshættir hans eru til eftirbreytni í alla staði.

### Frumkvæði:

#### (1) Opin fyrir nýjungum

Starfsmaður er jákvæður og móttækilegur fyrir breytingum og nýjum aðstæðum. Hann er vakandi fyrir nýjungum í fagi sínu og tilbúinn til þess að hafa forgöngu um innleiðingu og umbótaferli.

#### (2) Lausnamiðaður og hugmyndaríkur

Starfsmaður er úrræðagóður, kemur auga á tækifæri og er tilbúinn til þess að vinna með þau. Hann skynjar utanaðkomandi breytingar og vinnur með þær á uppbyggilegan hátt. Hann ræður fram úr óvæntum aðstæðum og hugsar lausnarmiðað.

### **(3) Fjölhæfni og víðsýni**

Starfsmaður er fjölhæfur og getur leyst öll verkefni í sínu fagi á sinni einingu. Hann getur gengið í störf á mörgum deildum (rekstrareiningum). Hann vinnur úr ólíkum aðstæðum, býr yfir víðsýni og hefur skilning á ólíkum viðhorfum.

### **(4) Aðstoðar aðra óháð sínu verksviði**

Starfsmaður þekkir hlutverk hópsins, skynjar mikilvægi teymisvinnu og getur jafnframt gengið í ólík störf þegar á þarf að halda. Hann býr yfir innsæi til þess að rétta hjálparhönd óháð verksviði sínu og er tilbúinn til þess að fræða og aðstoða á uppbyggilegan og jákvæðan hátt. Hann styrkir hópinn með liðsinni sínu í öllum aðstæðum.

### **(5) Sveigjanleiki**

Starfsmaður hefur innsæi í ólíkar þarfir og aðstæður. Hann getur brugðist við fjölbreytileika starfsmannahópsins, er tilbúinn bæði fyrir samstarfsfólkið og vinnustaðinn. Hann hefur hagsmuni heildarinnar í fyrirúmi.

## **Góður árangur:**

### **(1) Nákvæmni**

Starfsmaður er nákvæmur og vandvirkur í störfum sínum. Hann býr yfir reglufestu og gaumgæfir allar aðstæður af kostgæfni og öryggi.

### **(2) Jákvæðni**

Starfsmaður er jákvæður gagnvart starfsumhverfinu og hefur jákvæð áhrif á það. Hann er uppbyggilegur í gagnrýni sinni og virkjar hópinn með sér. Hann getur tekið gagnrýni á störf sín og nýtt hana sér í hag.

### **(3) Samskipti og þjónustulund**

Starfsmaður hefur tileinkað sér og þjálfað eiginleika og aðferðarfræði sem byggja á lausnarleiðum, innsæi og jákvæðum og opnum samskiptum.

### **(4) Gæðavitund og þekking á verkferlum**

Starfsmaður hefur virka gæðavitund, hefur þekkingu á öllum verkferlum á sinni deild / einingu og notar þá markvisst í störfum sínum.

### **(5) Forgangsröðun**

Starfsmaður getur forgangsraðað verkefnum með tilliti til mikilvægis þeirra, jafnt almennt og undir álagi, og jafnt til skamms tíma og lengri.